



Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

Útboð nr. 16274 – Hreinsun gatna og gönguleiða 2026-2027- Útboð II. EES

Þann 8. apríl síðastliðinn voru opnuð tilboð í útboð nr. 16274 – Hreinsun gatna og gönguleiða 2026-2027- Útboð II. Tilboð barst frá einum aðila.

Hreinsitækni ehf. var lægstbjóðandi og hljóðaði tilboð þeirra upp á kr. 113.004.130,- (83,40% af kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á kr. 135.500.000,-). Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að lægstbjóðandi stóðst skoðun á fjárhag.

Eftir yfirferð á boðnum tækjum kom hins vegar í ljós að bjóðandi skilaði ekki inn tækjalista sem uppfyllti þær kröfur sem gerðar voru í grein 2.0.5 í útboðsgögnum, en sá listi innihélt að mestu leiti sömu tæki og bjóðandi er með í öðrum verkefnum sem hann er að vinna fyrir Reykjavíkurborg.

Óskað var eftir skýringum á tækjalista og kom þá í ljós að mistök voru gerð hjá bjóðanda, sem hefur nú skilað inn lista yfir tæki sem uppfylla kröfur skv. þjónustubörf að teknu tilliti til þess að þeir séu einir með öll svæði útboða vegna hreinsunar gatna og gönguleiða.

Undirritaður óskar eftir að samið verði við lægstbjóðanda, Hreinsitækni ehf.

Gildistími samnings er eitt ár, eða frá því að samningur er kominn á samkvæmt kafla 0.10 til 14. mars 2027. Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um fjögur ár, eitt ár í senn.

Virði samnings ef framlengt er fjórum sinnum er þá kr. 565.020.650,- fyrir fimm ára tímabil.

Virðingarfyllt

Karl Eðvaldsson
F.h. Skrifstofustjóra Borgarlandsins
Umhverfis- og skipulagssvið.



Hjálagt: Samanburðarskrá

Árið 2026, þann 8. apríl kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 16274 „Hreinsun gatna og gönguleiða 2026-2027- Útboð II".
Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

			Tilboðsfjárhæð, samtals fyrir eitt ár, með vsk.	
Eftirfarandi tilboð bárust:				
1 Hreinsitækni ehf.	Kr.	113.004.130	83,40%	
Kostnaðaráætlun	Kr.	135.500.000	100,00%	
Fleiri tilboð bárust ekki				
Opnun tilboða lokið kl. 10:04				